



**FUNDARGERÐ SKÓLARÁÐS FJÖLBROTASKÓLANS Í
GARÐABÆ 1. FUNDUR Á HAUSTÖNN 2013
MIÐVIKUDAGINN 28. SEPTEMBER**

1. Bréf o.fl. erindi.

A. Umsóknir um leyfi (sjá minnisblað)

Afgreiðsla leyfa er send á netföng nemenda hér í skólanum.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok svo fremi sem skólasókn er að öðru leyti góð.

B. Umsóknir um mat á íþróttum, skerta tímasókn, undanfarabrot (sjá minnisblað)

Mat á íþróttum:

Umsóknir um mat á íþróttum er vísað til kennslustjóra í íþróttum til afgreiðslu

Skert tímasókn:

Vísað til aðstoðarskólameistara til afgreiðslu.

Undanfarabrot

Einn nemandi óskar eftir að fá að fara í FRAN1FF03 en vantar undanfara.

hafnað

C. Önnur bréf

- Fjórir nemendur óska eftir áframhaldandi skólavist þrátt fyrir brottvísunarbréf. (sjá minnisblað.)
Skólavist samþykkt á sérstökum samningi
- Nemandi óskar eftir leyfi í 6 kennslustundum á viku vegna náms við Listdansskóla Íslands.
Vísað til námsráðgjafa
- Staðfesting skólameistara á samþykkt undanþágu frá stærðfræði til stúdentsprófs af félagsfræðabraut lögð fram.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Fulltrúar nemenda sögðu frá því helsta sem er á döfinni í vetur. Á fimmtudag verður busavígsla og síðan nýnemaferð fram á föstudag. Á föstudagskvöld verður nýnemakvöld í Urðarbrunni. Óskað var eftir að nemendur leggi fram áætlun atburða á önninni sem verður sett á heimasíðu.



3. Önnur mál

Á síðasta kennarafundi var samþykkt svohljóðandi viðbót við skólareglur: „Símar og önnur raftæki verði bönnuð nema í tengslum við kennslu og úrvinnslu og í samráði við kennara.“ Skólameistari leggur þessa viðbót fram í skólaráði til samþykkis. Skólaráð gerir ekki athugasemd við regluna en mælir með að hún verði tekin upp til reynslu og endurskoðuð í lok annar.

Fundinn sátu:

Agnes Alda Magnúsdóttir forseti NFFG fulltrúi nemenda

Anna Guðrún Hugadóttir námsráðgjafi

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari og fundarritari

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Nína Ingólfssdóttir fjármálastjóri NFFG fulltrúi nemenda

Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi

Sigurkarl Magnússon fulltrúi kennara

Snjólaug Bjarnadóttir áfangastjóri

Tinna Ösp Arnadóttir félagsmálafulltrúi

Unnur Símonardóttir námsráðgjafi